

2002 nr. 97 10. maí**Lög um atvinnuréttindi útlendinga**

Tóku gildi 1. janúar 2003. *Breytt með* l. 84/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003; *EES-samningurinn*: V. eða VIII. viðauki), l. 19/2004 (tóku gildi 1. maí 2004), l. 139/2005 (tóku gildi 30. des. 2005), l. 21/2006 (tóku gildi 1. maí 2006), l. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), l. 106/2007 (tóku gildi 27. júní 2007), l. 78/2008 (tóku gildi 1. ágúst 2008; *EES-samningurinn*: V. viðauki tilskipun 2004/38/EB), l. 154/2008 (tóku gildi 31. des. 2008), l. 65/2010 (tóku gildi 27. júní 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 26/2014 (tóku gildi 5. apríl 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og húsnæðismálaráðherra** eða **velferðarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi. Um undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi gilda ákvæði III. kafla.

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 1. gr.

■ 2. gr. Tilgangur.

□ Löggin gefa heimild til að veita atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

□ Lögunum er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni og kveða á um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

■ 3. gr. Orðskýringar.

□ [Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Tímabundið atvinnuleyfi*: Leyfi veitt útlendingi til að starfa tímabundið á innlendum vinnumarkaði hjá tilteknum atvinnurekanda.

2. *Óbundið atvinnuleyfi*: Leyfi veitt útlendingi til að starfa ótímabundið á innlendum vinnumarkaði.

3. *Atvinnurekandi*: Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.

4. *Búsetuleyfi*: Heimild veitt útlendingi til ótímabundinnar dvalar hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga.

5. *Útlendingur*: Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

6. *Nánustu aðstandendur*: Einstaklingar sem teljast nánustu aðstandendur samkvæmt lögum um útlendinga.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 2. gr.

■ 4. gr. Framkvæmd laganna.

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur með reglugerð²⁾ nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

□ Vinnumálastofnun fer í umboði ráðherra með framkvæmd laganna.

¹⁾ L. 126/2011, 351. gr. ²⁾ Rg. 339/2005.

II. kafli. Atvinnuleyfi.**■ 5. gr. Almenn.**

□ Atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

□ Leyfi samkvæmt lögum þessum er heimilt að binda skilyrðum öðrum en þeim er koma fram í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynleg vegna mikilvægra almannahagsmuna.

□ [[Ráðherra]¹⁾ getur sett nánari reglur²⁾ um veitingu atvinnuleyfa samkvæmt lögum þessum í samræmi við stefnu stjórnvalda.]³⁾

¹⁾ L. 162/2010, 25. gr. ²⁾ Rg. 339/2005. ³⁾ L. 78/2008, 3. gr.

■ **6. gr.** Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi sem dvelst hér á landi án dvalarleyfis eða hefur verið gert að fara af landi brott samkvæmt lögum um útlendinga. . . .¹⁾

□ Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, [sbr. þó 4. og 5. mgr. 19. gr.]¹⁾ eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis.

□ [Útlendingi er óheimilt að starfa hér á landi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi nema á grundvelli óbundins atvinnuleyfis.

□ Útlendingi er óheimilt að ráða sig til starfa hér á landi nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 4. og 5. mgr. 19. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 4. gr.

■ 7. gr. [Almenn skilyrði tímabundins atvinnuleyfis.

□ Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi skv. 8.–12. gr. og 16. gr. ef eftirfarandi skilyrðum er m.a. fullnægt:

a. Starfsfólk fáiast hvorki á innlendum vinnumarkaði né innan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríkja eða Færeyja eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Áður en leyfi er veitt ber atvinnurekanda að hafa leitað eftir starfsfólki með aðstoð Vinnumálastofnunar, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati stofnunarinnar.

b. Fyrir liggja umsögn stéttarfélags eða landssambands launafólks í hlutaðeigandi starfsgrein. Umsögn skal liggja fyrir innan sjö daga frá móttöku afrits umsóknar um atvinnuleyfi og ráðningarsamnings. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar ekki er til að dreifa heildarsamtökum eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.

c. Fyrir liggja undirritaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða vegna verkefnis milli atvinnurekanda og útlendinga sem tryggir útlendingnum laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga þar um. Þegar um er að ræða störf sem falla utan gildissviðs kjarasamninga skal tryggja útlendingnum laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn.

d. Fyrir liggja að atvinnurekandi hafi sjúkratryggt útlending samkvæmt lögum um útlendinga.

e. Atvinnurekandi ábyrgist greiðslu á heimflutningi útlendinga að starfstíma loknum, ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á eða ef útlendingur verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa. Í ráðningarsamningi skal koma fram til hvaða lands heimflutningur nær.

□ Óheimilt er að veita atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum vegna starfa hjá starfsmannaleigum.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 5. gr.

■ 8. gr. [Tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar.

□ Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi sem krefst sérfræðipækkingar. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. skilyrði a–e-liða 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt,

b. útlendingur hafi gert ráðningarsamning við atvinnurekanda um að gegna tilteknu starfi sem krefst sérfræðipækkingar enda sé ekki um að ræða tímabundið verkefni,

c. sérfræðipækking útlendinga sé nauðsynleg hlutaðeigandi fyrirtæki, og

d. sérfræðiþekking útlendingsins feli í sér háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun sem viðurkennd er hér á landi. Vinnu- málastofnun óskar staðfestingar á menntun útlendingsins með viðeigandi skilríkjum í samræmi við íslenskar reglur telji stofnunin slíkt nauðsynlegt.

□ Enn fremur er Vinnu- málastofnun í undantekningartilvikum heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu ef viðkomandi útlendingur hefur yfir að ráða sérþekkingu sem jafna má við menntun skv. d-lið 1. mgr. Vinnu- málastofnun óskar staðfestingar á sérþekkingu í samræmi við íslenskar reglur telji stofnunin slíkt nauðsynlegt. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr.

□ Þegar um er að ræða umsókn um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu vegna starfs sem krefst háskólamenntunar er Vinnu- málastofnun heimilt að víkja frá skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. a-lið 1. mgr.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn enda séu uppfyllt skilyrði 1. mgr. Við framlengingu þurfa skilyrði a-, d- og e-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. a-lið 1. mgr., ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

□ Dveljist útlendingur hér á landi á grundvelli dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 6. gr.

■ **[9. gr. Tímabundið atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli.**

□ Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi þegar starfsfólk fæst hvorki á innlendum vinnu- markaði né innan Evrópska efnahagssvæðisins, í EFTA- ríkjum eða í Færeyjum. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. að skilyrði 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.

□ Vinnu- málastofnun er heimilt að víkja frá skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr. þegar atvinnurekandi sendir starfsmann sinn tímabundið til starfa við starfsstöð sína hér á landi enda er um að ræða starfsmann atvinnurekanda með ótímabundna ráðningu sem stjórnandi eða sérfræðingur, sbr. 8. gr., við starfsstöð hans erlendis. Vinnu- málastofnun óskar eftir rökstuðningi atvinnurekanda varðandi nauðsyn þess að viðkomandi útlendingur komi til starfa við starfsstöð hans hér á landi telji stofnunin slíkt nauðsynlegt.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfið í allt að eitt ár til viðbótar enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þarf skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr. ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

□ Heimilt er að veita framlengingu til lengri tíma en skv. 3. mgr. þegar um er að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkfrámkvæmd sem tekur lengri tíma en þar greinir. Er þá

heimilt að framlengja tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendings við verkfrámkvæmdina þar til henni lýkur. Þegar sótt er um framlengingu á tímabundnu atvinnuleyfi vegna slíkra verkfrámkvæmda þarf að fylgja með áætlun um hvernær verkfrámkvæmdinni er ætlað að ljúka. Að öðru leyti eiga við skilyrði 3. mgr.

□ Óheimilt er að veita útlendingi sem haft hefur tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu leyfi samkvæmt ákvæðinu að nýju fyrr en að lokinni tveggja ára samfelldri dvöl erlendis frá lokum gildistíma leyfisins. Þetta ákvæði á þó ekki við þegar útlendingur starfar hér á landi skemur en sex mánuði á hverjum tólf mánuðum eða þegar útlendingur skiptir um atvinnurekanda skv. 16. gr.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 7. gr.

■ **[10. gr. Tímabundið atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk.**

□ Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa íþróttafólks hjá íþróttafélagi innan Íþrótt- og Ólympíu- sambands Íslands. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. að skilyrði c–e-liða 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfið um allt að tvö ár í senn enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þarf skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr. ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að viðkomandi íþróttafélag hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 7. gr.

■ **[11. gr. Tímabundið atvinnuleyfi vegna sérstakra ástæðna.**

□ Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi í undantekningartilvikum þegar eftirfarandi skilyrði eru m.a. uppfyllt:

a. útlendingi hafi áður verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi, dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga eða dvalarleyfi skv. 3. mgr. 11. gr. laga um útlendinga, og

b. skilyrði c- og d-liðar 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma dvalarleyfis eða ráðningartíma samkvæmt ráðningarsamningi sé ráðningartími skemmri en gildistími dvalarleyfis. Heimilt er að framlengja tímabundið atvinnuleyfi um allt að eitt ár í senn enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þurfa skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. b-lið 1. mgr., ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

□ Dveljist útlendingur hér á landi á grundvelli dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem tengist dval-

arleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, sbr. a-lið 1. mgr., getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 7. gr.

■ **[12. gr. Tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli fjölskyldu-sameiningar.**

□ Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa nánustu aðstandenda [Íslensks ríkisborgara eða]¹⁾ útlendinga sem hefur tímabundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. laganna, tímabundið atvinnuleyfi sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 11. gr. laganna eða óbundið atvinnuleyfi að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. Við veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu er þó heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liðar 1. mgr. 7. gr. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

□ Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga sem náð hefur 18 ára aldri hafi hann dvalið hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur eða búsetuleyfis samkvæmt lögum um útlendinga fyrir 18 ára aldur, að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. Við veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu er þó heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liðar 1. mgr. 7. gr. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

□ Atvinnuleyfi skv. 1. mgr. skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma dvalarleyfis nánasta aðstandanda eða ráðningartíma samkvæmt ráðningarsamningi sé ráðningartími skemmri en gildistími dvalarleyfis. Heimilt er að framlengja það um allt að eitt ár í senn með sömu takmörkunum og þegar leyfið er veitt í fyrsta skipti enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þarf skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr. ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa hlutaðeigandi.

□ Ef hjúskap . . . ²⁾ eða sambúð er slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er heimilt að framlengja atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu. Skilyrði er að áður hafi verið endurnýjað dvalarleyfi skv. 6. mgr. 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002.

□ Dveljist nánasti aðstandandi hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 2. mgr. 17. gr. hafi útlendingi sem nánasti aðstandandi leiðir heimildir sínar af verið veitt óbundið atvinnuleyfi [eða um sé að ræða nánasta aðstandanda Íslensks ríkisborgara].¹⁾

□ Börn sem dveljast hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur eða búsetuleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er tímabundið heimilt að starfa hér á landi án atvinnuleyfa að átján ára aldri.]³⁾

¹⁾ L. 154/2008, 2. gr. ²⁾ L. 65/2010, 30. gr. ³⁾ L. 78/2008, 7. gr.

■ **[13. gr. Tímabundið atvinnuleyfi vegna náms.**

□ Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga sem stundar nám hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. skilyrði c- og d-liðar 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt og

b. útlendingi hafi verið veitt dvalarleyfi vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga.

□ Atvinnuleyfi sem veitt er samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma dvalarleyfis vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga. Heimilt er að framlengja það meðan á námstíma stendur og skilyrðum 1. mgr. er fullnægt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendinga.

□ Þegar útlendingur hefur lokið námi við íslenskan skóla sem felur í sér háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun er heimilt að veita atvinnuleyfi skv. 1. mgr. 8. gr. vegna tiltekins starfs er tengist menntun hans. Er þá heimilt að víkja frá skilyrðum d- og e-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 8. gr.

□ Dveljist útlendingur hér á landi á grundvelli dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

□ Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 7. gr.

■ **[14. gr.]¹⁾ Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla.**

□ Atvinnurekandi og stéttarfélag skulu veita starfsmanni með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða.

¹⁾ L. 78/2008, 7. gr.

■ **[15. gr.]¹⁾ [Tímabundið atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna á grundvelli þjónustusamninga.]²⁾**

□ Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi, að uppfylltum skilyrðum [c–e-liðar]²⁾

□ Þjónustusamningur við fyrirtæki hér á landi skal liggja fyrir. Í samningnum skal m.a. koma fram að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður hins erlenda fyrirtækis annist þjónustuna.

□ Leyfi samkvæmt þessari grein skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings.

□ Atvinnuleyfi veitt samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur til landsins.

□ [Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.]²⁾

¹⁾ L. 78/2008, 7. gr. ²⁾ L. 78/2008, 8. gr.

■ **[16. gr. Nýr atvinnurekandi.**

□ Heimilt er að veita nýtt tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðum 8.–13. gr. eftir því sem við á vegna tiltekins starfs útlendinga hjá öðrum atvinnurekanda en þeim er fyrra leyfið var skilyrt við. Útlendingi er óheimilt að hefja störf hjá hinum nýja atvinnurekanda áður en atvinnuleyfi hefur verið veitt, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. Tímabundið atvinnuleyfi sem gefið er út samkvæmt ákvæði þessu skal aldrei hafa lengri gildistíma en fyrra leyfi og samanlagður starfstími á grundvelli tímabundinna atvinnuleyfa skv. 9. gr. skal aldrei vera lengri en tvö ár.

□ Yfirlýsing um ráðningarslit milli útlendinga og fyrri atvinnurekanda skal fylgja með umsókn skv. 1. mgr. ásamt

skriflegum ráðningarsamningi milli útlendinga og hins nýja atvinnurekanda.¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 10. gr.

■ [17. gr. Óbundið atvinnuleyfi.

□ Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. útlendingur hafi öðlast búsetuleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga,

b. fyrir liggja skriflegur ráðningarsamningur milli útlendinga og atvinnurekanda, og

c. útlendingi hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. eða tímabundið atvinnuleyfi sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 11. gr.

□ Heimilt er að veita nánasta aðstandanda útlendinga með óbundið atvinnuleyfi sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. óbundið atvinnuleyfi.

□ Heimilt er að veita börnum sem hafa öðlast búsetuleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga fyrir átján ára aldur óbundið atvinnuleyfi við átján ára aldur.

□ Óbundið atvinnuleyfi fellur niður þegar útlendingur hefur dvalist erlendis samfelld lengur en átján mánuði. Vinnumálastofnun tekur ákvörðun um að fella leyfi úr gildi. Vinnumálastofnun er þó heimilt að fenginni umsókn að veita undanþágu frá tímamörkum 1. másl. þannig að útlendingur haldi óbundu atvinnuleyfi þrátt fyrir lengri dvöl erlendis.¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 10. gr.

■ [18. gr. Tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli samninga við önnur ríki.

□ Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi til maka . . .¹⁾ eða sambúðarmaka erlendis sendimanns og barna hans undir 21 árs aldri á grundvelli samnings íslenskra stjórnvalda þar að lútandi við önnur ríki enda hafi maki . . .¹⁾ eða sambúðarmaki eða börn hans gilt dvalarleyfi á grundvelli þjóðréttarsamnings.

□ Heimilt er að veita útlendingum á aldrinum 18 til 26 ára tímabundin atvinnuleyfi hér á landi að hámarki til eins árs á grundvelli samninga íslenskra stjórnvalda við önnur ríki um störf ríkisborgara þeirra hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menningu þess. Tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli slíks samnings er ekki skilyrt við störf hjá tilteknum atvinnurekanda. Skilyrði er að útlendingnum hafi ekki áður verið veitt atvinnuleyfi á grundvelli slíks samnings hér á landi. Óheimilt er að framlengja slík atvinnuleyfi.

□ [Ráðherra]²⁾ er heimilt að setja nánari skilyrði fyrir atvinnuleyfum samkvæmt ákvæði þessu í reglugerð.³⁾

¹⁾ L. 65/2010, 31. gr. ²⁾ L. 162/2010, 25. gr. ³⁾ L. 78/2008, 10. gr.

■ [19. gr. Meðferð umsóknar um atvinnuleyfi.

□ Atvinnurekandi sem óskar eftir að ráða útlending tímabundið til starfa skal sækja um tímabundið atvinnuleyfi til Vinnumálastofnunar fyrir hönd útlendingaáðursins áður en útlendingurinn kemur til landsins í fyrsta skipti til starfa nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Hið sama á við þegar útlendingur hefur dvalist erlendis í a.m.k. sex mánuði frá þeim tíma er áður útgefið atvinnuleyfi féll úr gildi enda hafi honum ekki verið veitt leyfi Útlendingastofnunar til að dveljast hér á landi. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skulu atvinnurekandi og útlendingur undirrita hana. Umsókninni skulu fylgja öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að uppfyllt séu þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, þar á meðal skriflegur ráðningarsamningur milli útlendinga og atvinnurekanda sem báðir aðilar hafa undirritað.

□ Vinnumálastofnun er heimilt að taka til meðferðar umsókn um tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. á undan öðrum umsóknum um atvinnuleyfi sem hafa borist stofnuninni enda liggja fyrir undirritaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og útlendinga.

□ Atvinnurekandi sem óskar eftir að framlengja ráðningu útlendinga skal sækja um framlengingu tímabundins atvinnuleyfis fyrir hönd útlendingaáðursins eigi síðar en fjórum vikum áður en fyrra leyfi fellur úr gildi. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skulu atvinnurekandi og útlendingur undirrita hana. Umsókninni skulu fylgja öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að uppfyllt séu þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, þar á meðal skriflegur ráðningarsamningur milli útlendinga og atvinnurekanda sem báðir aðilar hafa undirritað.

□ Útlendingi, sem hefur gilt dvalarleyfi á grundvelli laga um útlendinga, er heimilt að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar um framlengingu tímabundins atvinnuleyfis enda hafi umsóknin borist Vinnumálastofnun innan frestsins skv. 3. mgr. Hafi umsókn borist síðar tekur Vinnumálastofnun ákvörðun um heimild útlendingaáðursins til að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar enda liggja fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingi sé heimilt að dvelja hér á landi á þeim tíma. Hið sama gildir þegar nýr atvinnurekandi sækir um tímabundið atvinnuleyfi fyrir útlending skv. 16. gr. eftir því sem við getur átt.

□ Útlendingur skal sækja um óbundið atvinnuleyfi skv. 17. gr. eigi síðar en fjórum vikum áður en fyrra leyfi fellur úr gildi. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skulu fylgja henni öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að uppfyllt séu þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, þar á meðal skriflegur ráðningarsamningur milli umsækjanda og atvinnurekanda sem báðir hafa undirritað. Hafi umsókn borist síðar tekur Vinnumálastofnun ákvörðun um heimildir útlendingaáðursins til að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar enda liggja fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingi sé heimilt að dveljast hér á landi á þeim tíma.

□ Heimilt er að synja um veitingu atvinnuleyfis vegna starfa hjá atvinnurekanda sem áður hefur gerst sekur um að hafa ráðið útlending til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum þrátt fyrir að skilyrði þeirra séu uppfyllt. Hið sama gildir um útlending sem hefur gerst sekur um að ráða sig til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

□ Þegar Vinnumálastofnun hefur tekið efnislega ákvörðun á grundvelli umsóknar um atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum skal stofnunin tilkynna um það til Útlendingastofnunar og aðila máls.¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 10. gr.

■ [20. gr. Útgáfa atvinnuleyfa.

□ Atvinnuleyfi er gefið út á nafn útlendingaáðursins eftir að hann er kominn til landsins og er útlendingurinn handhafi leyfisins. Tímabundið atvinnuleyfi er skilyrt við starf hjá tilteknum atvinnurekanda, sbr. þó 2. mgr. 18. gr., og er útlendingi óheimilt að hefja störf hjá öðrum atvinnurekanda áður en nýtt leyfi hefur verið gefið út, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. Í skilríkjum um tímabundið atvinnuleyfi skal m.a. koma fram nafn og kennitala útlendinga, ríkisfang hans, nafn atvinnurekanda og gildistími leyfisins. Sömu upplýsingar skulu koma fram í

skilríkjum um óbundið atvinnuleyfi en þar skal þó ekki tilgreina atvinnurekanda útlending.

□ Útlendingur skal hafa skilríki skv. 1. mgr. ávallt meðferðis og sýna þau krefjast lögregla þess.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur sett nánari reglur í reglugerð um útgáfu atvinnuleyfa samkvæmt ákvæði þessu í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni, svo sem um samstarf Vinnuálastofnunar og Útlendingastofnunar, að fenginni umsögn [þess ráðherra er fer með málefni persónuréttinda].²⁾³⁾

¹⁾ L. 162/2010, 25. gr. ²⁾ L. 126/2011, 351. gr. ³⁾ L. 78/2008, 10. gr.

■ [21. gr. Starfslok.

□ Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnuálastofnun þegar útlendingur sem hefur tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum lætur af störfum hjá honum áður en gildistími leyfisins er liðinn.¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 10. gr.

III. kafli. Undanþáguákvæði.

■ [22. gr.]¹⁾ Eftirtaldir eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi:

[a. Ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og aðrir útlendingar sem falla undir reglur framangreindra samninga, með þeim takmörkunum sem þar greinir og nánar skal kveðið á um í reglugerð.]²⁾

[b.]³⁾ Útlendingar sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.

[c.]³⁾ [Erlendir makar . . . ⁴⁾ íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að átján ára aldri sem eru í forsjá og á framfæri þeirra.]²⁾

[d.]³⁾ Útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

[e. Útlendingar sem hafa fengið dvalarleyfi sem flóttamenn samkvæmt lögum um útlendinga.]²⁾

¹⁾ L. 78/2008, 10. gr. ²⁾ L. 78/2008, 11. gr. ³⁾ L. 84/2003, 2. gr. ⁴⁾ L. 65/2010, 32. gr.

■ [23. gr.]¹⁾ Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi:

a. Vísindamaður og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.

b. Listamaður, að undanskildum hljóðfæraleykurum sem ráða sig til starfa á veitingahúsum. Undanþága samkvæmt þessum lið tekur ekki til dansara sem koma fram á næturklúbbum, sbr. i-lið 9. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, sbr. lög nr. 66/2000.

c. Íþróttþjálfarar.

d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlandis.

e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki, enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.

f. Blaða- og fréttamaður erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.

g. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.

□ Ráðherra getur sett reglur²⁾ sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu samkvæmt þessari grein.

¹⁾ L. 78/2008, 10. gr. ²⁾ Rg. 339/2005.

IV. kafli. Afturköllun atvinnuleyfis og viðurlög.

■ [24. gr.]¹⁾ Afturköllun.

□ [Vinnuálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna. Enn fremur er Vinnuálastofnun heimilt að afturkalla atvinnuleyfi þegar skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum er ekki lengur fullnægt, svo sem þegar útlendingur hefur starfað hjá öðrum atvinnurekanda en atvinnuleyfi hans er skilyrt við, eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórn-
sýslureglum.]²⁾

¹⁾ L. 78/2008, 10. gr. ²⁾ L. 78/2008, 12. gr.

■ [25. gr.]¹⁾ Meðferð upplýsinga.

□ [Vinnuálastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna.

□ Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að útlendingar starfi löglega hér á landi er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Vinnuálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu, skattfirvalda og þjóðskrár. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar úr skrá eintakra stofnana séu sendar öðrum stofnunum umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrir fram skilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

□ Fáir Vinnuálastofnun upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn íslenskum lögum og reglum er stofnuninni heimilt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi eða lögreglu, eftir atvikum, upplýsingarnar.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 13. gr.

■ [26. gr. Eftirlit Vinnuálastofnunar og lögreglu.

□ Lögregla og Vinnuálastofnun hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Atvinnurekandi skal veita lögreglu og Vinnuálastofnun aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ekki hafi verið brotið gegn lögnum. Útlendingur og atvinnurekandi skulu gefa allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið.

□ Lögreglu skal veittur aðgangur að vinnustöðvum atvinnurekanda í þeim tilgangi að kanna hvort atvinnurekandi og útlendingur sem starfar hjá honum fari að lögum þessum. Lögreglan skal sýna skilríki um starf sitt.

□ Útlendingur skal að kröfu lögreglu sýna skilríki um að honum sé heimilt að starfa hér á landi og, ef þörf er á, veita upplýsingar svo að ljóst sé hver hann er, m.a. til að sýna fram á að hann sé undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum þegar við á.

□ Lögreglu er heimilt að krefja aðra starfsmenn sem starfa eða hafa starfað einhvern tíma á síðustu þremur mánuðum hjá viðkomandi atvinnurekanda um nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr.

■ [27. gr.]¹⁾ Refsiákvæði.

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. af ásetningu eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eða

b. af ásetningu eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögum þessum upplýsingar sem eru í verulegum at-
riðum rangar eða augljóslega villandi.

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

a. af ásetningu eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendinga sem ekki hefur atvinnuleyfi samkvæmt lögnum,

b. af ásetningu eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögnum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendinga,

c. af ásetningu með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í atvinnuskyni,

d. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending við að stunda atvinnu án tilskilinna leyfa.

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að fimm árum að reka skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að starfa hér á landi án atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

□ Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

□ Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr.

■ [28. gr.]¹⁾ *Heimflutningur.*

□ Sá sem hefur milligöngu um að útlendingur flytjist til landsins í atvinnuskyni án tilskilinna leyfa, sbr. b- og c-lið 2. mgr. 17. gr., skal greiða allan kostnað við að flytja útlending úr landi.

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr.

V. kafli. Samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.

■ [29. gr.]¹⁾ *Samráðsnefnd.*

□ Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun skulu koma á fót sérstakri samráðsnefnd vegna framkvæmdar laga þessara.

□ Samráðsnefndin skal skipuð fjórum mönnum og skipar hvor stofnunin tvo menn í nefndina. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár. Samráðsnefndin velur formann úr hópi nefndarmanna. Skal formaður annast boðun funda og stjórn þeirra.

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr.

■ [30. gr.]¹⁾ Vinnumálastofnun skal tilkynna allar atvinnuleyfisveitingar og synjanir til Útlendingastofnunar.

□ Útlendingastofnun skal í samráði við Vinnumálastofnun gefa út skírteini þar sem m.a. komi fram upplýsingar um dvalarleyfi og réttindi útlendinga til að stunda vinnu á Íslandi. Þar skulu einnig vera nauðsynlegar persónuupplýsingar. Heimilt er að krefja umsækjanda um atvinnuleyfi um endurgjald fyrir skírteinið. Endurgjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu þess.

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr.

VI. kafli. Málsmeðferð.

■ [31. gr.]¹⁾ *Almennar reglur um málsmeðferð.*

□ Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr.

■ [32. gr.]¹⁾ *Málshraði.*

□ Vinnumálastofnun skal taka ákvörðun um hvort orðið er við umsókn um atvinnuleyfi svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsókn berst.

□ Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tejjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýst um ástæðu tafanna og hvenær ákvörðun er að vænta.

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr.

■ [33. gr.]¹⁾ *Leiðbeiningarskylda.*

□ Í máli er varðar synjun eða afturköllun atvinnuleyfis skal stjórnvald leiðbeina útlendingi um kærueheimild skv. 24. gr. laganna.

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr.

■ [34. gr.]¹⁾ *Kærueheimild.*

□ [Atvinnurekanda og útlendingi er sameiginlega heimilt að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun tímabundins atvinnuleyfis til [ráðuneytisins]²⁾ og skulu þeir báðir undirrita stjórnsýslukærana. Þeir geta þó veitt öðrum umboð sitt til að fara með málið fyrir sína hönd. Útlendingi er heimilt að kæra ákvarðanir stofnunarinnar um synjun eða afturköllun óbundins atvinnuleyfis.

□ Kærufrestur er fjórar vikur frá því að tilkynning barst um ákvörðun Vinnumálastofnunar. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

□ Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Vinnumálastofnunar og skal útlendingur dveljast erlendis meðan á afgreiðslu kæru stendur enda hafi honum ekki verið veitt leyfi Útlendingastofnunar til að dveljast hér á landi.

□ [Ráðuneytið]²⁾ skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

□ Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.³⁾

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr. ²⁾ L. 162/2010, 25. gr. ³⁾ L. 78/2008, 15. gr.

VII. kafli. Ýmis ákvæði og gildistaka.

■ [35. gr.]¹⁾ *Samstarfsnefnd.*

□ [Ráðherra]²⁾ skal skipa samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulíffsins. [Ráðherra]²⁾ skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Samstarfsnefndin skal kölluð saman:

a. vegna almennra álitamála varðandi útgáfu atvinnuleyfa,

b. þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

¹⁾ L. 78/2008, 14. gr. ²⁾ L. 162/2010, 25. gr.

■ [36. gr.] *Gildi milliríkjasamninga.*

□ Við framkvæmd laga þessara skal hafa hliðsjón af efni milliríkjasamninga um atvinnuréttindi útlendinga sem Ísland er aðili að.¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 16. gr.

■ [37. gr.]¹⁾ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

□ ...

¹⁾ L. 78/2008, 16. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða.

■ I. [Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 14. gr. skal atvinnurekandi tilkynna til Vinnumálastofnunar um ráðningu ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands eða Ungverjalands til starfa fram til 1. maí 2009. Í tilkynningunni skal koma fram nafn atvinnurekanda, kennitala og heimilisfang ásamt nafni útlendinga, kennitölu og aðsetri hans hér á landi. Enn fremur skal fylgja tilkynningunni ráðningarsamningur sem tryggi útlendingnum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Tilkynningin skal berast Vinnumálastofnun innan tíu virkra daga frá ráðningu. Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þá útlendinga sem koma frá framangreindum ríkjum til að starfa hér á landi.

□ Ef atvinnurekandi lætur hjá líða að senda Vinnumálastofnun tilkynningu skv. 1. mgr. getur stofnunin ákveðið að atvinnurekandi greiði dagsektir þar til tilkynning berst stofnuninni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

□ Dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna sem atvinnurekandi lét hjá líða að tilkynna um og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

□ Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

□ Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til félagsmálaráðuneytis skv. 24. gr. frestar aðför.

□ Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem útlendingur skv. 1. mgr. starfar á afrit af ráðningarsamningi útlendingins óski stéttarfélagið eftir því enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

□ Ákvæði þetta gildir til 1. maí 2009.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 21/2006, 3. gr. ²⁾ L. 19/2004, 2. gr.

■ [II. Ákvæði a-liðar [22. gr.]¹⁾ tekur þó ekki gildi að því er

varðar rétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu til að starfa hér á landi fyrr en [1. janúar 2012],¹⁾ sbr. þó 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.]²⁾

¹⁾ L. 154/2008, 3. gr. ²⁾ L. 106/2007, 4. gr.

■ [III. Tímabundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu á gildistíma þeirra. Heimilt er að framlengja tímabundin atvinnuleyfi sem veitt voru fyrir gildistöku laganna að sömu skilyrðum uppfylltum og giltu um veitingu upphaflega leyfisins. Tímabundin atvinnuleyfi sem gátu verið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 11. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, fyrir gildistíð þessara laga, skulu áfram teljast grundvöllur óbundins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

□ Óbundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.]¹⁾

¹⁾ L. 78/2008, 17. gr.

■ [IV. Ákvæði a-liðar 22. gr. tekur þó ekki gildi að því er varðar rétt ríkisborgara Króatíu til að starfa hér á landi fyrr en 1. júlí 2015, sbr. þó 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.]¹⁾

¹⁾ L. 26/2014, 4. gr.